

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár listdanskóla – grunnnám.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest gildistöku aðalnámskrár listdanskóla – grunnnám, dags. 18. maí 2006, sem birt er á heimasíðu menntamálaráðuneytis. Aðalnámskrár fyrir listdanskóla eru gefnar út í tveimur hlutum, fyrir grunnnám samkvæmt auglýsingu þessari og fyrir framhaldsnám á framhaldsskólastigi samkvæmt sérstakri námskrá, sem er hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla.

2. gr.

Aðalnámskrár fyrir listdans lýsa meginmarkmiðum náms í listdansi að háskólastigi. Aðalnámskrá fyrir grunnnám setur markmið fyrir byrjendur í listdansi. Í henni eru sett loka- markmið og áfangamarkmið. Hlutverk aðalnámskrár er einkum að samræma helstu þætti listdansnáms milli skóla og innan einstakra skóla og mynda eðlilegan stíganda í náminu. Aðalnámskrá er einnig til upplýsingar, m.a. fyrir nemendur, foreldra/forráðamenn, sveitarstjórnir og skólastofnanir. Í aðalnámskrá er greint frá hlutverki og markmiðum í listdansnámi, inntökuskilyrðum, skipulagi námsins, kennsluháttum og námsmati. Einnig eru nánari lýsingar á kjarna námsins. Í viðauka eru birtar lýsingar á efnisatriðum í kennslu á hverjum námsþætti í listdanskennslu.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 18. maí 2006.

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Arnason.